

- 104 sjúkum eða til hjúkrunarstarfsemi, svo sem að ofan greinir, en $\frac{1}{5}$ hl. vaxtanna leggist við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 10000 kr., þá má verja 5. okt. $\frac{1}{10}$ hl. vaxtanna til styrktar en $\frac{1}{10}$ hl. leggist ætíð við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum og skal hreppstjóri Svalbarðsstrandarhrepps vera formaður, en tvo meðstjórnendur kys hreppsnefndin, og skal gilda um kjör þeirra og kjörtíma sama og um kjör hreppsnefndar.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir á sama hátt og reikningar hreppsins. Reikningsár skal vera almanaksárið.

5. gr.

Stjórn sjóðsins haldi fund í des. ár hvert og úthlutar þá styrk úr sjóðnum. Verði enginn að áleti stjórnar sjóðsins styrkhæfur, leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn það ár.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar formanni hans skriflega fyrir 1. desember.

6. gr.

Stjórn sjóðsins haldi gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir sjóðsstjórnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum og ástæður fyrir hverri styrkveitingu og annað sem varðar stjórn sjóðsins. Sjóðstjórnin haldi ennfremur bók yfir tekjur, gjöld og eignir sjóðsins, og færi í hana ársreikninga hans ásamt athugasemdum endurskoðenda.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á þessari skipulagsskrá.

8. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Gestsdóttur, Hafnarfirði“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 23. okt. 1935.

Skipulagsskráin er þannig:

105

23. okt.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir **Minningarsjóð Guðrúnar Gestsdóttur** ljósmóður, til styrktar fátaekum námfúsum unglíngum í Hafnarfjarðarbæjarfélagi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir **Minningarsjóður Guðrúnar Gestsdóttur, Hafnarfirði.**

2. gr.

105

Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt fyrirætlum Guðrúnar sál. Gestsdóttir Ljósmodur í Hafnarfirði og nánari ráðstöfun, er hún lét eftir sig látna. 23. okt.

Stofnféð er:

1. Peningar, er nokkrar sængurkonur Guðrúnar færðu henni árið 1927, ásamt annari heiðursgjöf á 25 ára starfsafmæli hennar þar í umdæminu, kr. 700.00.
2. Sparisjóðsvextir af sömu upphæð, frá 2/11 1927 til 31/12 1934, kr. 254.19.
3. Minningargjöf um stofnanda sjóðsins, frá bræðrum hennar, Ásm. Gestssyni og Guðm. Gestssyni, kr. 1045.81.
Samtals 2000 — tvö þúsund — krónur.

3. gr.

Til eflingar sjóðsins er tekið á móti minningargjöfum, frjálsum samskotum, áheimum og öðrum gjöfum, er sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja til framhaldsnáms, hvort heldur bóklegs náms eða iðnnáms, efnilega, námfúsa unglinga, pílta sem stúlkur, sem komnir eru yfir fermingaraldur, en sem sökum fátæktar, eða annara ástæðna vegna, ekki geta lagt út á þær brautir hjálparlaust.

5. gr.

Vextir állir, áheimit og gjafir til sjóðsins, hverju nafni sem nefnast, skulu leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 5000.00 — fimm þúsund — krónur. Úr því má verja til styrkveitinga $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — vaxta árlega. Það af vöxtum sjóðsins, sem eigi er úthlutað og sem aldrei má minna vera en $\frac{1}{4}$ — einn fjórði — og allir vextir þau árin, sem eigi er úthlutað, leggist við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn, prestar beggja safnaða, bæði Þjóðkirkju- og Frikirkju- safnaðanna í Hafnarfirði, á hverjum tíma og skulu þeir skiptast á um formennsku sjóðsins sitt árið hvor á vixl. Þriðji maður í stjórn sjóðsins sé skólastjóri barnaskóla Hafnarfjarðar, á hverjum tíma. Fjölgi lög-giltum barnaskólum í bænum, skal ætíð skólastjóri elzta barnaskólans í Hafnarfirði skipa 3. sætið. Yrði í framtíðinni sú ólíklega breyting, að í Hafnarfirði hættu t. d. að vera tveir þjónandi prestar. Á meðan svo kynni að standa, skipar forstöðumaður Flensborgar 3. sætið. Leggist sá skóli niður, skal formaður skólanefndar elzta barnaskólans í Hafnarfirði skipa 3. sætið í stjórn sjóðsins.

105

23. okt.

8. gr.

Stjórnin annast alla fjármuni sjóðsins og úthlutar styrk úr honum, eftir beztu fánlegum upplýsingum um ástæður, efnahag, gáfur, námfýsi og aðra verðleika umsækjanda. Árlegur styrkur veitist fyrst einum svo tveimur o. s. frv. eftir því hve sjóðurinn vex. Styrkveitingingin fer fram í byrjun október hvers árs, eftir að sjóðurinn er tekin til starfa. Minnsta styrkveiting til einstaklings skal vera kr. 150.00 — eitt hundrað og fimmtíu — krónur, aldrei minni.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar stjórn sjóðsins skriflegar.

9. gr.

Endurskoðendur eru tveir, skipar sóknarnefndarformaður Þjóðkirkjusafnaðarins annan og formaður Frikirkjusafnaðarins hinn, báða til eins árs í senn. Reikningar sjóðsins skulu árlega vera birtir í Lögbirtingablaðinu. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

10. gr.

Stjórn sjóðsins haldi gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir hverri styrkveitingu og annað það, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins haldi ennfremur bók yfir tekjur, gjöld og eignir sjóðsins og færi í hana ársreikninga hans, ásamt athugasemdum endurskoðenda.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.